

107

2. okt.

- frá 10. nóvbr.—8. desbr. aðsetur á Eyrarbakka;
 — 9.—19. desbr. á ferð frá Eyrarbakka austur að Hörgsdal;
 — 20. desbr.—19. jan. aðsetur í Hörgsdal;
 — 20.—29. janúar á ferð frá Hörgsdal vestur á Eyrarbakka;
 — 30. jan.—28. febr. aðsetur á Eyrarbakka;
 — 1.—9. marz á ferð frá Eyrarbakka austur að Hörgsdal;
 — 10. marz—9. apríl aðsetur í Hörgsdal;
 — 10.—19. apríl á ferð frá Hörgsdal vestur á Eyrarbakka;
 — 20. apríl—19. maí aðsetur á Eyrarbakka,

og hefir læknum auk þess verið boðið að dvelja nokkra daga í Rangárvallasýslu á ferðunum milli Eyrarbakka og Hörgsdals, og að birta hjeradsbúum þessa daga, og á hvaða bæjum hann þá muni vera að finna. Ef landfarsóttir eða aðrar knýjandi ástæður skyldu gjöra það nauðsynlegt að breyta hinni settu áætlun um ferðir læknisins um hjeruðin og dvöl hans þar, ber honum að birta hjeradsbúum slíkar breytingar sem fyrst.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir íbúum hinna nefndu hjerada, á þann hátt, sem álitinn er hentugastur til þess að það verði almenningi sem kunnugast.

108

12. okt.

— *Skýrsla* amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu til landshöfðingja um árangur af ráðstöfunum gegn fjárkláðanum. — Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllt að skýra herra landshöfðingjanum frá, hvernig ástatt hefir verið með heilbrigðisástand sauðfjárins á hinu svo kallaða kláðagrunaða svæði, síðan jeg sendi herra landshöfðingjanum hinar síðustu almennu skýrslur mínar, dagsettar 16. og 22. marz þ. á.

Hinu sama eptirliti og átti sjer stað síðastliðinn vetur var áfram haldið allt þangað til fje var sleppt á fjall; en þrátt fyrir hinar iðulegu skoðanir varð hvergi vart við kláða nema lítinn vott á þrem stöðum, nefnilega í Stardal í Kjalarneshrepp 25. marz, Reynivallaseli í Kjós 24. apríl og Vatnsholti í Grímsnesi 15. júní, og var fjeð vandlega baðað á öllum þessum stöðum og nákvæmar varúðarreglur við hafðar.

Til að varna því, að fje úr Borgarfjarðarsýslu í sumar kæmist út fyrir takmörk hins grunaða svæðis, var skipuð heimavöktun fjáris þar, og til frekari tryggingar settur eptirlitsvörður meðfram Hvítá í Borgarfirði, að nokkru leyti á kostnað jafnaðarsjóðs vesturamtsins. En gæzla fjáris í neðri hluta Borgarfjarðarsýslu var framkvæmd á þann hátt, eptir tillögum lögreglustjórans og með leyfi amtsins, að settur var vörður meðfram Andakýlsá upp í Skorradalsvatn og frá enda þessa vatns suður í Botnsvoga. Einnig var settur vörður við austurtakmörk hins kláðagrunaða svæðis, meðfram Brúará, og þar til fengið leyfi amtsins. Þó ekki væri vitanlegt, að neinstaðar væri kláði í vor, að þeim litla votti undanskildum, sem að ofan er getið, var þó til tryggingar fyrirskipað eitt almennt bað um allt kláðasvæðið, og hefir það eptir skýrslum lögreglustjórans hvervetna fram farið, og það nokkurn veginn vandlega, nema í Borgarfjarðarsýslu, því að auk þess að þar ávallt hefir verið meiri mótspyrna móti böðunum en annarstaðar, svo að valdstjórnin jafnvel hefir orðið að hlutast til um böðin hjá nokkrum fjáreigendum, og fjáreigendur yfir höfuð framkvæmt þau með minni alúð, hefir eptir hinni síðustu skýrslu hins setta lögreglustjóra einn hreppur, nefnilega Hvalfjarðarstrandarhreppur, enn mjög lítið gjört til að hlýðnast fyrirskipunum herra landshöfðingjans í fyrra haust um almennt bað, þrátt fyrir ítrekaðar skipanir.

Í haustrjettunum hefir fje hvervetna verið skoðað, og hefir hinn setti lögreglustjóri **108** verið við staddur við þessar skoðanir, þar sem hann hefir getað, en hvergi hefir orðið **12. oktbr.** vart við fjárkláða, nema á einni kind í Fossárrjett í Kjós, sem var með nokkrum kláðavotti, og hafa verið gjörðar ráðstafanir til þess, að kláðabað fari fram á öllu því fje, sem heimtist í Fossárrjett, og ekki þegar var skorið, svo og því fje, er líkindi voru til, að hefði haft samgöngur við þetta fje.

Að endingu hefir hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu fyrirskipað hálfsmánaðar-skoðanir á öllu hinu kláðagrunaða svæði fyrst um sinn, þangað til almennt bað fram fari, sem ráðgjört er, að verði í síðasta lagi um jólaföstubyrjun. En ef nokkur kláðavottur skyldi koma fram við skoðanir þessar, hefir verið skipað, að taka hinar veiku kindur til reglulegrar lækningameðferðar, og að tvíbaða allt fje á þeim bæ, þar sem kláðinn hefir komið fram, og á nábuabøjum þeim, er haft hafa fjársamgöngur við hann.

Umburðarbrjef

til allra bæjarfógeta og sýslumanna.

109

12. oktbr.

Í tilefni af lögum þeim tvennum, er út voru gefin 11. febr. þ. á. um breytingu á tilskipun 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og um aðflutningsgjald á tóbaki, mæltist ráðgjafinn fyrir Ísland til þess við fjárhagsstjórn ríkisins, að lagt væri fyrir alla tollheimtumenn í Danmörku að sjá um, að tollskrá sjerhvers skips, sem á að fara til Íslands og fermt er að nokkru eða öllu leyti vörum þeim, er getur um í nefndum lögum, verði eptirleiðis samin með svo mikilli nákvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt á henni útreikning sinn á gjöldum þeim, er hjer ræðir um. Hefir fjárhagsstjórnin nú skýrt ráðgjafanum frá, að aðalstjórn skattamála hafi 19. maí þ. á. gefið út umburðarbrjef til allra tollheimtumanna, þar sem lagt er fyrir þá að sjá um, að tilgreindar verði á tollseðlinum fyrir hvert skip, sem afgreitt er til Íslands, allar vörur þær á skipinu, er samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á. eru gjaldskyldar á Íslandi, og skýringar þær, sem nauðsynlegar eru til að reikna út gjaldið á Íslandi, þar á meðal skýrsla um styrkleika brennivíns og vínfanga og sjerstök skýrsla um rauðavín og messuvín.

Jafnframt því að þetta er hjer með kunnugt gjört öllum lögreglustjórum, skal þess getið, að fjárhagsstjórnin hefir tekið fram, að þrátt fyrir allan ötulleika og nákvæmni tollheimtumanna í Danmörku, geti eigi hjá því farið, að stöku vörur verði sendar frá Danmörku svo, að eigi fylgi slíkar skýrslur, af því, að hin dönsku tollög veita heimild til að leggja vörusendingar fyrir til bráðabirgða (Transit-Oplag) í hinum konunglegu tollvöruhúsum, og að flytja þær út þaðan, án þess að skýrt sje frá, hvað þær hafi að geyma, nje það rannsakað, og þenna rjett hafa þeir líka, er nota hið almenna frjálsa varningsbúr (Varefrilager) í tollbúd Kaupmannahafnar — og í annan stað af því, að svo geti að borið, að vörur, sem eru gjaldskyldar á Íslandi, flytjist stundum út í skip svo, að ekki sje tekið eptir þeim, einkum ef húið sje um þær saman við aðrar vörur, sem ekki eru gjaldskyldar og engin tolluppbót er heimtuð af — þótt það geti raunar aldrei orðið mikið í einu, — því eptirlitsmönnum sje ekki unnt að opna og rannsaka til fullnustu hverja og eina þess konar sendingu. Muni því nauðsynlegt að hafa einnig gætur á þessu á Íslandi, en sje það gjört, muni því hœgra að hafa eptirlit með slíkum sendingum með óþekktu innihaldi frá bráðabirgðavöruhúsum, sem skýrt muni frá á tollskránni í hvert sinn, er þær komi fyrir, hve margar þær hafi verið, hvernig umbúðirnar hafi verið, merki þeirra, mál og vikt

Hinn 20. nóvember 1876.